

Leiðavísir að tölvuþjónustu Reiknistofnunar Háskólans



Leiðarvísir að tölvuverum Reiknistofnunar
8. útgáfa

© 2004 Reiknistofnun Háskólans

Ritstjóri: Þorkell Heiðarsson

Forsíðumynd: Finnur Þorgeirsson

Grafísk hönnun: Ángel Martín Bernal

Bæklingur þessi er gefinn út af Reiknistofnun Háskóla Íslands. Hann má eigi afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Tillögur um úrbætur á efni þessa bæklinga eru vel þegnar. Koma má slíkum ábendingum á framfæri með tölvupósti: rhi@hi.is

Efnisyfirlit

Áður en lesið er lengra	1
Ugla - vefkerfi HÍ	1
Tölvuver RHÍ	2
Uppbygging tölvuvera.	3
Notandanafn.	3
Lykilorð	4
Unnið í tölvuveri	5
Umgengni í tölvuverum	6
Útprintun.	7
Hvar eru gögnin geymd?	7
Rekstur tölvuveranna	8
Vandamál og bilanir.	8
Nánar um UGLU	8
Notkun forrita.	11
Fjölnotendatölvur.	12
Nettenging nemenda.	12
Háskólavefurinn.	12

ÁÐUR EN LESIÐ ER LENGRA...

Tilgangurinn með þessum bæklingi er að kynna nemendum Háskólans þá aðstöðu og þjónustu sem þeim stendur til boða á vegum Reiknistofnunar Háskóla Íslands (RHÍ). Efni hans er sérstaklega gagnlegt þeim nemendum sem hafa litla sem enga reynslu af tölvunotkun innan Háskólans.

ATH!

Frumskilyrði þess að nálgast upplýsingar um námsframvindu innan Háskólans er að tileinka sér notkun tölvupósts og internets. Notandanafn og lykilorð fá nýnemar við skráningu hjá Nemendaskrá Háskólans.

Hafir þú ekki kynnt þér þær reglur sem gilda um notkun tölvubúnaðar RHÍ og tölvunets Háskólans (HInets) ættir þú að gera það áður er lengra er haldið. Þessar reglur má lesa á vef Reiknistofnunar:

www.rhi.hi.is

UGLA - VEFKERFI HÍ

Ugla er nafnið á vefkerfi eða innri vef Háskóla Íslands. Tilgangurinn með Uglu er annars vegar að flétta saman í eina heild öll upplýsingakerfi háskólans og búa til eins konar upplýsingamiðstöð á vefnum fyrir nemendur og starfsfólk. Hinn megingilgangur kerfisins er að útbúa samskiptavettvang nemenda og starfsmanna Háskólans. Í þessum bæklingi er oft vísað í Uglu í tengslum við ýmsa þjónustu og aðgerðir. Allir nemendur Háskólans eiga sinn eigin vef í Uglu sem hægt er að heimsækja eftir að nemandi hefur fengið notandanafn og lykilorð inn á háskólanetið. Nánar er fjallað um Uglu á bls. 9.


ATH!

Kynntu þér Uglu sem fyrst, þar færðu aðgang að flestum þeim upplýsingum sem nám þitt, varða s.s. skráningar, einkunnir ofl. Slóðin er:

www.ugla.hi.is

TÖLVUVER RHÍ

Í tölvuverum RHÍ hafa nemendur Háskólans aðgang að fyrsta flokks tölvuaðstöðu. Í þeim er aðallega að finna PC tölvur. Tölvuverin eru á annan tug og eru þau staðsett víðsvegar um háskólasvæðið. Auk tölvanna er þar að finna geislaprentara, geislaskrifara o.fl. Staðsetningu tölvuvera á háskólalóð má sjá á kortinu hér fyrir neðan. Auk þeirra tölvuvera sem sýnd eru á kortinu er einnig að finna tölvuver í húsnæði námsbrautar í sjúkrahjálfun að Skógarhlíð 10. Í tölvuverum má finna ritvinnsluforrit, töflureikna auk fleiri forrita sem koma nemendum að gagni. Ákveðin grunnforrit er að finna í öllum tölvuverum en auk þeirra hafa sum tölvuverin sérstakan hugbúnað sem tekur mið af mismunandi þörfum deilda Háskólans. Þannig eru notendur líklegir til að finna bókhaldshugbúnað í Odda, þar sem viðskipta- og hagfræðideild er til húsa, og stærðfræði- og hönnunarhugbúnað í VR-II, húsi verkfræði- og raunvísindadeildar. Lista yfir allan hugbúnað í tölvuverum er að finna á vef Reiknistofnunar.



Tölvuver er að finna í blálituðu byggingunum.

UPPBYGGING TÖLVUVERANNA

Tölvur í tölvuverum RHÍ eru hluti af Háskólanetinu og eru jafnframt allar tengdar internetinu.

Með nettengingunni opnast fjölmargir notkunarmöguleikar. Hægt er að senda tölvupóst um allan heim, leita upplýsinga á vefnum (World Wide Web), og er þá fátt eitt talið. Í tölvuverum Reiknistofnunar er til staðar hugbúnaður sem ætlaður er til ofangreindra verka.

Á vef reiknistofnunar eru birtar allar helstu upplýsingar um tölvuverin þ.á.m. upplýsingar um opnunartíma, uppfærslur á hugbúnaði, lýsingar á vélbúnaði auk tilkynninga til notenda. Heimasíðuna má nálgast með því að nota vafra (browser) í tölvum tölvuvera Reiknistofnunar.

Notendur eru eindregið hvattir til að kynna sér upplýsingar um tölvuverin á vef RHÍ.

Áður en hægt er að hefjast handa við vinnu í tölvuveri er nauðsynlegt að kunna skil á tveimur hugtökum, notandanafni (login eða username) og lykilorði (password) en um þau er fjallað hér á eftir.

NOTANDANAFN

Notandanafn (login / username) er auðkenni notandans á Háskólanetinu. Það er búið til úr hluta úr nafni notandans eða fyrstu stöfunum í skírnar og föðurnafni hans. Engir tveir notendur innan Háskólans hafa sama notandanafnið. Í notandanafninu eru hvorki hástafir né séríslenskir stafir eins og þ, æ og ý. Notandanafnið er notað til auðkenningar notandans þegar unnið er í tölvuverum eða á Háskólanetinu. Til að fá aðgang að tölvum og prenturum þarf að gefa upp notandanafn og lykilorð sem fjallað er um í næsta kafla.

ATH!

Notandanafn og lykilorð fæst einungis afhent á skrifstofu nemendaskrár í Aðalbyggingu Háskólans gegn framvísun skilríkja.

Notandanafnið er hluti af netfangi notandans. Netfang er tölvupóstfang sem notað er í tölvupóstsamskiptum. Netföng nemenda í Háskóla Íslands eru á forminu:

notandanafn@hi.is

Nemandi að nafni Jón Jónsson gæti því fengið notandanafnið jon og netfangið jon@hi.is væri hann heppinn og nafnið hans væri laust! Að öðrum kosti væri notandanafnið myndað úr báðum nöfnum hans t.d. jonjo, jonjon o.s.fv.

LYKILORÐ

Notandanafnið eitt og sér nægir ekki til að fá aðgang að tölvum í tölvuverum Reiknistofnunar. Staðfesta þarf að um réttan aðila sé að ræða áður en aðgangur er veittur, Þessa staðfestingu gefur lykilorðið¹ (password). Hver notandi hefur sitt eigið sérstaka lykilorð.

ATH!

Ólíkt notandanafninu er lykilorðið einkamál hvers notanda. Gefið það aldrei upp eða lánið öðrum notendum!

Þegar notandi óskar eftir því að nota tölvu í tölvuverum RHÍ er hann beðinn um að slá inn notandanafn sitt og því næst lykilorð. Tölvun athugar hvort um rétt lykilorð sé að ræða og ef svo er fær notandinn aðgang að tölvunni og um leið að Háskólanetinu.

Tilgangurinn með lykilorðinu er ef til vill ekki augljós í fyrstu. Hann er sá að tryggja að notandi hafi ekki aðgang að gögnum annarra notenda. Án lykilorðsins væri einnig auðvelt að villa á sér heimildir í tölvupóstsamskiptum þar sem engin trygging væri fyrir því að réttur aðili stæði að baki póstsendingu. Lykilorðið tryggir einnig að óviðkomandi geti ekki nýtt sér þjónustu sem nemendur greiða sjálfir fyrir t.d. útprentun.

ATH!

Gerður er greinarmunur á há- og lágstöfum í lykilorðum.

¹ Oft er talað um aðgangsorð eða leyniorð í stað lykilorðs, merkingin er sú sama.

UNNIÐ Í TÖLVUVERI

Vinnsla á tölvu í tölvuveri er ákaflega svipuð vinnsla á hefðbundinni heimilistölvu. Helsti munurinn er sá að notandinn getur ekki ráðið uppsetningu tölvunnar en aftur á móti hefur hann aðgang að fjölda prentara, forrita og fjölnotendatölva að ónefndu Internetinu. Í öllum tölvuverum RHÍ er Windows stýrikerfið uppsett á tölvunum. Auk þess er Linux stýrikerfið uppsett á tölvum nokkurra tölvuvera.

ATH!

Skráið ykkur út úr tölvu að vinnslu lokinni "log-off". Slökkvið þó ekki á tölvunni!

Notandi hefur vinnu á Windows tölvu:

Eftir að tölva hefur verið ræst (hafi hún ekki verið í gangi) kemur upp skjámynd sem býður notandann velkominn í tölvuver RHÍ, Til þess að halda áfram þarf að halda niðri CTRL + ALT + DEL tökkunum og birtist þá ný skjámynd. Á þeirri mynd er notandi beðinn um „User name“ og slær notandi þar inn notandanafn sitt. Í „Password“ reitinn slær hann inn lykilorðið. Því næst ýtir hann á OK hnappinn og getur hafið vinnu í tölvuverinu.

Nánari leiðbeiningar um Windows og Linux í tölvuverum er að finna á heimasíðu RHÍ.

Notandi lýkur vinnu á Windows tölvu:

Þegar notandi lýkur vinnu í Windows er nauðsynlegt að skrá sig út m.a. til þess að næsti notandi geti ekki nálgast gögn fyrri notanda og prentað á hans kostnað. Útskráning fer fram með því að halda niðri CTRL+ALT+DEL tökkunum og ýta svo á „Logoff“ hnappinn á skjámyndinni sem kemur upp.



UMGENGNI Í TÖLVUVERUM

Eftirfarandi reglur gilda um umgengni í tölvuverum:

Sýnið öðrum notendum tillitssemi.

Óheimilt er að neyta matar og drykkjar í tölvuverum.

Reykingar eru ekki leyfðar í tölvuverum.

Notkun farsíma er óheimil öðrum en starfsmönnum RHÍ.

Rýmið tölvuver tafarlaust þegar húsinu er lokað og þegar kennarar og aðrir starfsmenn Háskólans óska þess.

Gangið snyrtilega um og gangið frá eftir ykkur þegar þið yfirgefið tölvuver.

Óheimilt er að „taka frá“ tölvu á einn eða annan hátt. Ef notandi yfirgefur tölvu í lengri tíma er öðrum notendum frjálst að yfirtaka hana.

Tölvuleikir

Notkun tölvubúnaðar Reiknistofnunar til tölvuleikja er ekki bönnuð en sú regla gildir við notkun tölvukosts Reiknistofnunar að iðkendur tölvuleikja í tölvuverum verða að víkja athugasemdalaust fyrir öðrum notendum þegar beðið er um það.

Leikir sem skapa álag á staðarneti eða skapa Internetsamskipti milli landa eru ekki leyfðir og verða stöðvaðir fyrirvaralaust ef notkunar þeirra verður vart.

Niðurhal (download)

Nettenging Hlnets við útlönd er takmörkuð „auðlind“; Notendur verða ávallt að hafa í huga þau áhrif sem niðurhal þeirra hefur á heildarbandvidd tölvunetsins og notkunarmöguleika annarra notenda á sama tíma.

ÚTPRENTUN

Í öllum tölvuverum RHÍ er að flnna geislaprentara. Til þess að nemendur geti prentað á þessa prentara verða þeir að kaupa prentkvóta. Hann er hægt að kaupa á handhægan hátt í Uglu, innri vef Háskólans, (sjá bls. 9) og greiða með kreditkort. Auk þess er hægt að kaupa prentkvóta á skrifstofu nemenda-skrár í Aðalbyggingu Háskólans.

HVAR ERU GÖGNIN GEYMD?

Nemendur geta valið um þrjá staði til að geyma gögn og aðrar skrár sem þeir vinna með. Þessi staðir eru harðir diskar sem í daglegu tali ganga undir nöfnunum **F:**, **V:** og **C:** drif.

F: drifið er geymslustaður fyrir gögn til lengri tíma. Hver notandi hefur sitt eigið F: drif sem hann einn hefur aðgang að.

F: drifið er staðsett á tölvu sem sér um að þjónusta Háskólanetið og er því aðgengilegt úr öllum tölvuverum. Í raun er F: drif hvers nemanda einungis hluti af einum stórum hörðum disk. Sérstakt kvótakerfi úthlutar hverjum notanda ákveðnu plássi á disknum. Upplýsingar um útfærslu kvótakerfisins má finna á heimasíðu RHÍ (www.rhi.hi.is). Stöðu þína í kvótakerfinu getur þú séð á þinni síðu í Uglu (sjá bls. 9-11).

Á **V: drifi** geta notendur vistað og unnið með vefsíður (heimasíður) sínar.

ATH

Vinumappan (C: drifið) er hreinsuð sjálfkrafa þegar næsti notandi skráir sig inn á viðkomandi tölvu. Notendur geta því ekki geymt gögn til langframa á C:\vinna.

Í tölvuverum er C:\vinna vinnumappa sem er staðsett á **C: drifinu** á tölvunni sem notandinn vinnur með þá stundina.

Í öllum tölvuverum er einnig að finna geislaskrifara sem skrifar gögn á þar til gerða geisladiska.

REKSTUR TÖLVUVERANNA

Rekstur tölvuveranna er í höndum Reiknistofnunar Háskóla Íslands sem er ein af þjónustustofnunum Háskólans.

Reiknistofnun hefur umsjón með uppsetningu og viðhaldi tölva í tölvuverum auk þess sem hún sér um rekstur Háskólanetsins og sinnir annarri tölvutengdri þjónustu innan Háskólans.

Reiknistofnun rekur vef þar sem finna má allar helstu upplýsingar um stofnunina og þá þjónustu sem hún veitir. Vef Reiknistofnunar er að finna undir vefslóðinni:

www.rhi.hi.is

VANDAMÁL OG BILANIR

Ef vandamál koma upp við vinnslu í tölvuveri getur notandi sent hjálparbeiðni til notendabjónustu RHÍ. Netfangið þar er help@hi.is. Einnig er hægt að hafa samband við notendabjónustu í síma 525-4222 á símatímum notendabjónustu frá kl. 8-12 og 13-16. Auk þessa er hægt að senda almennar fyrirspurnir eða bilanatilkygningar í þjónustukerfi RHÍ í Uglu.

NÁNAR UM UGLU

Eins og fram kom á bls. 1, veitir innri vefur Háskólans, Uglu, nemendum aðgang að margskonar upplýsingum og þjónustu innan Háskólans. Í Uglu hefur hver notandi sinn eigin vef sem eingöngu er aðgengilegur honum. Notandanafnið og lykilorðið sem nemendum er afhent við innritun í HÍ, veita þennan aðgang (sjá bls 3). Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér notkun Uglu strax í upphafi! Fyrsta skrefið er að heimsækja upphafssíðu Uglu:

www.ugla.hi.is

Þegar komið er inn á upphafssíðu Uglu slær nemandinn inn notandanafn sitt og lykilorð.

Innskráningarsíða Uglu (www.uglu.hi.is).

Við þetta opnast upphafssíða vefs notandans sem gengur undir nafninu "Mínar síður". Vinstra megin á upphafssíðunni birtast þeir valmöguleikar sem nemandanum standa til boða.

Má þar nefna dagatal með dagbók, yfirlit yfir námskeiðin sem nemandinn er skráður í, skráageymslu

Upphafssíða nemanda í Uglu.

hans og símaskrá nemenda. Neðar í listanum er síðan tengill við bókasafnskerfið Gegni og Vefpóstkerfi háskólans.

Stillingar - lykilorði breytt og kvótar

Algengt er að nemendur vilji breyta lykilorðinu sem þeir fá afhent í upphafi náms. Það er gert undir liðnum stillingar. Undir þessum lið má einnig skoða stöðu prent- og diskkvóta hverju sinni.

ATH!
Nauðsynlegt er að breyta lykilorðinu öðru hvoru!

Vefpóstur - framsending tölvupósts

Vefpóstkerfi Háskólans gerir notendum kleift að nálgast tölvupósthólfíð sitt í Háskólanum hvaðan sem er úr heiminum, hafi þeir aðgang að nettengingu. Vefpóstkerfið svipar í uppbyggingu til Internetpóstkerfa s.s. Hotmail og Yahoo. Vefpóstkerfið er þó í raun einungis viðmót á hefðbundna póstkerfi HÍ og því nota notendur sama notandanafn, lykilorð og hafa sama póstfang og venjulega.

Í vefpóstkerfinu getur notandinn auk þess framkvæmt ýmsar stillingar s.s. póstsíun og þar er einnig hægt að stilla framsendingu pósts á annað póstfang.

Hægt er að skrá sig inn í vefpóstkerfið frá upphafsíðunni í Uglu eða fara beint á:

<http://webmail.hi.is>

Þjónustusíður RHÍ - bilanir og tengingar

Á þjónustusíðum RHÍ geta nemendur eftir atvikum sótt um, pantað eða skráð sig í ýmsa þá þjónustu sem RHÍ býður upp á.

Þjónustusíðurnar eru aðgengilegar frá upphafsíðu nemanda í Uglu. Á þjónustusíðunum geta nemendur m.a. sótt um eða sagt upp ADSL tengingu, þráðlausri tengingu og sent bilanatilkynningu til notendapjónustu.

The screenshot shows the 'UPPLÝSINGAGÁTT HÁSKÓLA' (University Information Portal) with a navigation menu on the left and a grid of service links. The 'Þjónustukerfi RHÍ' (RHÍ Service System) section is highlighted. The links include: 'Almenn fyrirsögn' (General service), 'Práðlaust net' (Wireless network), 'ADSL' (ADSL service), and 'Stúdentagarðar' (Student gardens). Each link has a corresponding icon and a sub-link for 'umsókn' (application) or 'uppsögn' (cancellation).

Þjónustukerfi RHÍ		
Forsíðan mín	Almenn fyrirsögn Almenn vorkerfið	Práðlaust net Práðlaust net, umsókn Práðlaust net, uppsögn
Daðatalið mitt		
Námskeiðin mín		
Skrárnar mínar	ADSL ADSL umsókn ADSL uppsögn	Stúdentagarðar Garðanet, umsókn Garðanet, uppsögn
Símaskrá nemenda		
Tilkynningar		
Fréttir		
Síjalaskápur		
Þjónustukerfi RHÍ		
Garðanet, umsókn		
Práðlaust net, umsókn		


Þjónustusíður Reiknistofnunar í Uglu.

Námskeiðin mín - skráning og námsferill

Undir liðnum námskeiðin mín geta nemendur skoðað námsferil sinn. Á tilísíðunni birtast námskeið sem nemandi er skráður í hverju sinni, námskeið sem hann hefur lokið ásamt einkunnum og önnur námskeið sem nemandinn hefur einhvern tíma verið skráður í.

Kennsluvefur - tilkynningar og kennslugögn

Sé smellt á nafn námskeiðs undir námskeiðin mín, opnast kennsluvefur Uglu þar sem frekari upplýsingar um námskeið fást. Þar má lesa lýsingu á námskeiðinu úr kennsluskrá, fá upplýsingar um kennara námskeiðsins, skoða tilkynningar frá kennurum og nálgast námsgögn námskeiðsins. Sé smellt á nafn námskeiðs sem nemandi hefur lokið birtist tölfraeði viðkomandi námskeiðs með einkunnadreifingu o.fl.



Tölfraeði þeirra námskeiða sem nemandi hefur lokið má nálgast á kennsluvefnum.

NOTKUN FORRITA

Notendum sem sem þurfa upplýsingar um notkun forrita sem uppsett eru í tölvuverum er bent á að snúa sér til Bóksölu Stúdentna. Þar má finna mikið úrval tölvubóka fyrir flest ef ekki öll forrit sem finnast í tölvuverunum.

Á RHÍ vefnum má einnig finna leiðbeiningar um notkun ýmissa forrita, sem og á leiðbeiningavef kennslumiðstöðvar HÍ:

www.hi.is/hbk

FJÖLNOTENDATÖLVUR

Fjölnotendatölva er tölva sem margir notendur geta tengst og unnið á í einu. Nemendur í Háskólanum hafa aðgang að nokkrum fjölnotendatölvum sem eru í umsjá Reiknistofnunar. Þessar tölvur eru af mismunandi gerðum en eiga það sameiginlegt að keyra Unix stýrikerfi. Urmul upplýsinga um UNIX og skyld stýrikerfi er að finna á internetinu.

NETTENGING NEMENDA

Reiknistofnun býður nemendum upp á ýmsar gerðir nettenginga. Í öllum tilfellum þurfa nemendur að sækja um slíka þjónustu og er það alltaf gert á netinu, nánar tiltekið í þjónustukefi RHÍ í Uglu (sjá bls 10).

Þráðlaust net - Á háskólasvæðinu er rekið öflugt þráðlaust net sem hentar sérlega vel þeim sem nota fartölvur við vinnu sína.

ADSL - Nemendur geta tengst HÍ-netinu í gegnum hefðbundna ADSL tengingu sem keypt er af símafyrirtæki.

VPN - Hægt er að tengjast HÍ netinu í gegnum ADSL með s.k. VPN tengingu (Virtual Private Networking). Geta nemendur þá nálgast geymsludrifin sín heiman frá sér (sjá bls. 7).

Innhringisamband - Hægt er að tengjast HÍ-netinu með hefðbundnu hliðrænu mótaldi í síma: 525-5150.

Stúdentagarðar - Á stúdentagörðum á háskólasvæðinu er boðið upp á hraðvirkar nettengingar fyrir íbúa. Félagsstofnun Stúdenta sér alfarið um rekstur og þjónustu þess nets.

HÁSKÓLAVEFURINN

Háskólinn rekur mjög öflugan vef þar sem nemendur og starfsmenn geta fundið ýmsar gagnlegar upplýsingar sem varða nám, reglur og uppbyggingu háskólasamfélagsins. Þaðan er einnig auðvelt að skrá sig inn í vefkerfið Uglu.

www.hi.is



Helstu vefslóðirnar:

www.ugla.hi.is

Innra vefkerfi háskólans með þínum persónulega vef.

www.rhi.hi.is

Vefur Reiknistofnunar Háskólans þar sem þú finnur upplýsingar um tölvuver, reglur, hugbúnað o.fl.

www.hi.is

Háskólavefurinn geymir gagnlegar upplýsingar um nám, reglur og uppbyggingu háskólasamfélagsins.

www.kennsluskra.hi.is

Íslensk og ensk útgáfa kennsluskrár HÍ á vefnum.